

Samningur

mennta- og menningarmálaráðuneytis

við Síldarminjasafn Íslands ses.

um rekstrarframlag

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Síldarminjasafn Íslands ses., kt. 661006-1530, í samningi þessum nefnt Síldarminjasafnið, gera með sér svofelldan samning:

1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- Styðja við söfnun, varðveislu og skráningu muna og minja sem hafa gildi fyrir sögu síldarútvegs og síldarvinnslu á Íslandi,
- miðla upplýsingum um sögu síldveiða og síldarvinnslu hér á landi með faglegum hætti,
- stuðla að samstarfs- og rannsóknarverkefnum um síldveiðar og síldarvinnslu hér á landi, með sérstakri áherslu á fræðslu fyrir nemendur á öllum skólastigum sem og almenning,
- standa vörð um forna þekkingu á smíði opinna tréskipa hér á landi,
- tryggja framgang stefnu málefnasviðs 18 í málaflokki 18.1, sbr. fjármálaáætlun 2019-2023.

1.2. Vinna skal að ofangreindum markmiðum m.a. með eftirfarandi hætti:

- Síldarminjasafnið skal hafa sýningarhús sín á Siglufirði opin fyrir almenningi,
- Síldarminjasafnið skal veita gestum, innlendum sem erlendum, leiðsögn og fræðslu með því að standa fyrir sýningum og viðburðum er snúa að síldveiðum og sögu þeirra,
- Síldarminjasafnið skal standa fyrir námskeiðum og fræðslu um íslenska bátasmíði í samstarfi við önnur söfn og menningarstofnanir,
- Síldarminjasafnið skal veita aðstöðu til bátasmíða og viðgerða í gamla Slippnum,
- Síldarminjasafnið skal gefa út kynningarefni og fræðsluefni um starfsemi sína eftir því sem við á,
- Síldarminjasafnið skal halda úti góðri vefsíðu þar sem birtar eru upplýsingar um starfsemi þess, sýningar, safnmuni, viðburði, rannsóknir og fræðsluefni um verksefni safnsins, auk upplýsinga um rekstur, starfsfólk, eigendur, skipulagsskrá og annað efni sem snertir verksvið safnsins.

1.3. Starfsemi

- Síldarminjasafn Íslands leggur höfuðáherslu á söfnun, varðveislu og miðlun menningarminja tengdum sögu síldveiða og vinnslu í starfi sínu. Safnið starfar á landsvísu og miðar söfnunarstefna þess við landið sem eitt söfnunarsvæði. Áhersla er lögð á fjölbreytt fagleg störf, t.a.m. skráningu safnkosts í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn, skráningu, varðveislu og greiningu aðfanga í gríðarstöru ljósmyndasafni Síldarminjasafnsins, umbætur á varðveisluaðstæðum safnkosts með uppbyggingu Salthússins, rannsóknir hvers konar, útgáfu, miðlun, fræðslu og heimildaöflun. Safnið leggur ríka áherslu á móttöku og fræðslu fyrir skólahópa á öllum menntunarsstigum, sem og móttöku annarra gesta og miðlun sögunnar.
- Síldarminjasafnið starfar eftir fjögurra ára starfsstefnu hverju sinni, þar sem verkefnum og áhersluefnum er forgangsraðað. Í starfsstefnu er tekið tillit til fjölbreyttra þátta í rekstri

LDA
AE

safnsins; rannsóknna, miðlunar, markaðsstarfs, fræðslu, viðhalds á safnkosti og safnhúsum, varðveislunni safnkosts o.s.frv.

- Síldarminjasafnið starfar samkvæmt skipulagsskrá sem var samþykkt 1. janúar 2006.

1.4. Áherslur

Síldarminjasafn taki mið af menningarstefnu stjórnvalda.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og reglugerð nr. 642/2018.
- 2.2. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015 og við Alþingi.
- 2.3. Framlag í samningi þessum fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 18 menning, listir, íþróttir og æskulýðsmál, málaflokkur 18.1 Safnamál sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.
- 2.4. Síldarminjasafnið starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni. Vakin er sérstök athygli samningshafa á eftirfarandi lagaákvæðum: lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016 og lög um opinber fjármál, nr. 123/2015.

3. Fjárhagsleg skuldbinding

- 3.1. Framlag ríkisins fyrir árið 2019 er 19 m.kr. Áætlað framlag fyrir árið 2020-2021 er 17,0 m.kr. á ári.
- 3.2. Verði gerð breyting á fjárheimildum til málaflokks 18.1 í fjárlögum geta aðilar tekið upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.
- 3.3. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Síldarminjasafnið ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 18.1 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir málaflokk 18.1 hjá Síldarminjasafninu.
- 3.4. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna rekstrarverkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.
- 3.5. Árlegt framlag verður greitt í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt verður inn á bankareikning viðskiptabanka Síldarminjasafnsins enda uppfyllir samningshafi öll skilyrði og kröfur sem samningur þessi kveður á um.

4. Ábyrgð

- 4.1. Síldarminjasafnið ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Síldarminjasafnið skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 4.2. Síldarminjasafnið ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 4.3. Síldarminjasafninu er óheimilt:
 - Að afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - Að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

5. Upplýsingar, samskipti vegna fjármála og verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Síldarminjasafnið skilar ráðuneytunum árlega stefnuskjali til þriggja ára sbr. 31. gr. laga um opinber fjármál. Í stefnuskjalinu skal koma fram helstu markmið og aðgerðir Síldarminjasafnsins. Stefnuskjalið skal taka mið af stefnu ráðherra fyrir málefnaflokk 18.1 sem birtist í fjármálaáætlun til næstu fimm ára og greinargerð málefnasviðs 18 sem birtist í fjárlagafrumvarpi hvers árs. Stefnuskjalið er viðhengi við samning þennan.

NDT
AE

- 5.3. Síldarminjasafnið skal skila ráðuneytunum endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum fyrir lok júní ár hvert. Jafnframt skal Síldarminjasafnið senda afrit af ársreikningi til Ríkisendurskoðunar.
- 5.4. Síldarminjasafnið skilar ráðuneytinu öllum þeim upplýsingum sem ráðuneyti kallar eftir í tengslum við samning þennan, m.a. um rekstur Síldarminjasafnsins. Ráðuneytinu er heimilt að birta þær upplýsingar opinberlega.
- 5.5. Síldarminjasafnið veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Við eftirlit hefur ráðuneytið óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.
- 5.6. Eigi Síldarminjasafnið í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda þess, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.


6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. Síldarminjasafnið tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef talinn er vafi leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Síldarminjasafnið ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2021.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor samningsaðila að semja um áframhald eftir að gildistími samningsins lýkur skal hann koma því á framfæri fyrir lok febrúar það ár sem samningurinn rennur út.
- 7.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.5. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík, 4. febrúar 2020



Lilja D. Alfreðsdóttir,
mennta- og menningarmálaráðherra



Anita Elefsen, safnstjóri
Síldarminjasafnsins ses.